

Fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs 28. mars 2019

**Tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs um tjáningarfrelsisverkefnið ICORN (Reykjavík sem skjólborg)**

Fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisráðs leggja til að umgjörðin í kringum tjáningarfrelsisverkefnið ICORN (Reykjavík sem skjólborg) verði skýrð með það að markmiði að gera val á rithöfundi gagnsærra og tryggja faglega umgjörð í kringum dvöl rithöfundar sem dvelur í Reykjavík í boði borgarinnar vegna tjáningarfrelsisjónarmiða.

Mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar skipi hverju sinni nefnd þriggja fulltrúa sem velji rithöfund. Einn fulltrúi komi frá Bókmenntaborginni, einn frá Rithöfundasambandi Íslands og einn frá PEN. Með valnefndinni starfi mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar.

Til þess að skýra verkaskiptingu vegna verkefnisins er lagt til að menningar- og ferðamálasvið, í samstarfi við Bókmenntaborgina, sjái um faglegan stuðning við rithöfundinn. Stuðningurinn felst í að kynna höfundinn fyrir samfélagi rithöfunda í Reykjavík, gefa honum kost á að kynna sig og verk sín ef viðkomandi hefur áhuga á slíku og treystir sér til, aðstoða við faglega upplýsingaöflun og tengslamyndum og vera höfundi innan handar á hvern þann hátt sem getur stutt stöðu hans á sviði rit- og orðlistar.

Mannréttindaskrifstofa sjái um, líkt og hingað til, að tryggja dvalarleyfi, húsnæði og framfærslu vegna gestsins og sinna þeirri þjónustu sem hann á rétt á samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við ICORN.